

FUNDARGERÐ

148. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps

Fundartími: Þriðjudagur 19. febrúar 2008 kl. 16:00.

Mættir: Undirritaðir aðalmenn og varamaður fræðslunefndar ásamt áheyrnarfulltrúum.
Andrína G. Erlingsdóttir boðar forföll og Lára Oddsteinsdóttir kemur í hennar stað.

Ritari fundarins: Inger Schiöth

Formaður, Björgvin Jóhannesson setti fund og stjórnáði.

Gerðir fundarins:

I. Leikskólinn kl. 16:00

Á fundinn eru mætt Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri, Halla Ólafsdóttir fulltrúi starfsmanna, og Victoria Jonsson fulltrúi foreldrafélagsins.

1. Starfsmannamál.

Aðalheiður gerir grein fyrir starfsmannamálum, sem hún segir vera í góðum málum. Aldrei hafi verið jafn vel mannaðar deildir.

Í ljósi aðstæðna er sköpuðust s.l. mánudag þar sem boðleiðir milli starfsmanna virtust ekki skýrar, leggur fræðslunefnd áherslu á að farið verði yfir þau mál þannig að slíkt endurtaki sig ekki.

2. Framkvæmdir á lóð.

Björgvin kynnti skipulag á lóð vegna nýrra leiktækja.
Lagt fram til kynningar.

3. Gjaldskrá leikskóla – vistunarreglur.

Björgvin kynnti fyrir fundarmönnum erindi foreldra leikskólabarna, þar sem þeir lýstu óánægju með gjaldskrárhækkun leikskólans.
Gjaldskráin hefur verið endurskoðuð og færð til samræmis við nágrannasveitarfélögin.
Leikskólagjöld standa því undir 18% af rekstri leikskólans.

Leikskólastjóri óskar eftir að reglur um forgangshópa verði settar inn í vistunarreglur.
Fræðslunefnd tekur undir það.

Frumvarp til laga um leikskóla.

Björgvin kynnti meginatrið frumvarpsins.
Lagt fram til kynningar.

4. Önnur mál.

Leikskólastjóri kynnti þróunarstarf til tveggja ára við Mentor.
Einnig kynnti leikskólastjóri að fyrirhugað væri að hafa Sumarhátíð leikskólans, sumardaginn fyrsta þann 24. apríl í Leikskálum.

Aðalheiður yfirgefur fundinn.

II. Tónskólinn 17:00

Á fundinn er mættur Kristinn Jóhann Níelsson tónskólastjóri.

1. Starfsemi á vorönn.

Fyrirhugað er að halda tónleika helgina 14. – 16. mars n.k. og einnig hljómsveita- og

sköpunartónleika í aprílmánuði.
Litlar breytingar eru á nemendafjölda tónskólans.

2. Önnur mál

Tónskólinn er um þessar mundir að bæta tækjakost tónskólans.

Kristinn yfirgefur fundinn.

III. Grunnskólinn 17:15

Á fundinn eru mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri, Victoria Jonsson fulltrúi kennara og Halla Ólafsdóttir fulltrúi foreldra.

1. Starfsmannamál.

Kolbrún gerði grein fyrir starfsmannamálum og lagði fram eftirfarandi:

“Upplýsingar varðandi starfsmannamál Grunnskóla Mýrdalshrepps

Eins og mörgum er kunnugt fer Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri í fæðingarorlof frá 1. febrúar 2008 til eins árs.

Staðan var auglýst og bærust tvær umsóknir, önnur frá leiðbeinanda. Ákveðið hefur verið að Elín Einarsdóttir sem er okkur öllum af góðu kunn taki stöðu Kolbrúnar. Þetta hefur í för með sér nokkrar breytingar á kennsluskipan. Anna Björnsdóttir bætir við sig 4 stundum hjá 1. og 2. bekk (nátt., kri., hei.) Sif Hauksdóttir bætir við sig 6 stundum hjá 3. og 4. bekk (ísl) og Haraldur M. Kristjánsson hefur verið ráðinn sem stundakennari til vors í íslensku á miðstigi. Victoria Jonsson verður umsjónakennari 8. – 10. bekkjar til vors.”

2. Umsóknir um námsvist.

2 umsóknir hafa borist um skólavist til vors 2008

Lagt fram til kynningar.

3. Svar skólastjóra v/bókunar á fyrri fundi.

Skólastjóri leggur fram yfirlit vegna forfallakennslu vegna leyfa starfsmanna við Grunnskóla Mýrdalshrepps á haustönn 2007.

Alls greiddar forfallastundir á haustönn eru 81 stund vegna leyfa.

4. Pisa-könnun.

Kolbrún kynnti fundarmönnum niðurstöður Pisa könnunar frá árinu 2006 þar sem Grunnskóli Mýrdalshrepps náði framúrskarandi árangri.

Fræðslunefnd fagnar þessum niðurstöðum.

Bréf menntamálaráðuneytis dags. 23. janúar 2008.

Lagt fram til kynningar.

5. Endurbætur í verkmenntahúsi/skólalóð.

Björgvin lagði fram og kynnti skipulag á lóð grunnskólans vegna nýrra leiktækja.

Lagt fram til kynningar.

Björgvin lagði fram og kynnti teikningu með breytingum á verkmenntahúsi.

Lagt fram til kynningar.

6. Frumvarp til laga um grunnskóla.

Björgvin kynnti meginatrið frumvarpsins.

Lagt fram til kynningar.

7. Önnur mál

Björgvin lagði fram “kynningu á sameiginlegri framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020”.

Kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 6. mars n.k. og hvetur Björgvin alla þá sem tók hafa á að mæta til fundarins.

Björgvin kynnir átaksverkefnið “Lífs-hlaupið” sem er á vegum Heilbrigðis- og menntamálaráðuneytis og ÍSÍ.
Lagt fram til kynningar.

Halla yfirgefur fundinn.

Kolbrún leggur fram beiðni um skammtímaleyfi.

Kolbrún yfirgefur fundinn.

Fræðslunefnd óskar frekari upplýsinga áður en málið verður tekið fyrir.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:25

Inger Schiöth

Björgvin Jóhannesson
Formaður

Bergþóra Ástþórsdóttir

Guðný Sigurðardóttir

Lára Oddsteinsdóttir